

Skilablað – Bandalag háskólamanna (BHM) – frumathugun

Almennt um skilagreinar

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats.

Í reglum Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) um fyrirkomulag skilamats segir: „*Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati*“. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd „*skilagrein*“ eða „*skilablað*“ til afmörkunar frá skilamati. Aðeins í allra smæstu verkum eða þegar verkefni fá engan framgang er heimilt að gera skilablað.

Skilagrein og skilablað á ekki bara við framkvæmdir heldur líka ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir sem felast í almennri ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við öflun leiguþúsnaðis (leiguverkefni).

Hér fer á eftir skilablað.

1 Upphaf verkefnis

Verkbeiðni barst frá Bandalagi háskólamanna (BHM) í október 2014 um að FSR ynni þarfagreiningu, húsrýmisáætlun og valkostagreiningu vegna eigin húsnæðis BHM í Borgartún 6.

Verkkaupi var Bandalag háskólamanna.

Verkefnistjóri hjá FSR var Örn Baldursson.

2 Verklýsing

Í verkefninu fólst að vinna frumathugun (forathugun) og þarfagreiningu / húsrýmisáætlun / starfsemisgreiningu fyrir starfshóp um húsnæðismál sem formannaráð BHM skipaði. Frumathugunin innifelur meðal annars undirbúning og umsjón, fundi með verkkaupa, gerð frumathugunarskýrslu (meðal annars skoðun lausna), þarfagreiningu, starfsemisgreiningu, húsrýmisáætlun (skýrslu og rýmistöflu) og verkkaupasamning.

Verkheiti verkefnisins var Bandalag háskólamanna (BHM) – frumathugun. Staðsetning verkefnis var Borgartún 6, 105 Reykjavík.

Bókhalds- og greiðsluþjónusta var ekki hjá FSR.

3 Verknúmer

Beiðni um verknúmer er dagsett 30. október 2014 og verkefnið fékk verknúmerið 633 0086.

4 Framvinda

Verkið var unnið í samráði við starfshóp BHM og lauk með útgáfu þarfagreiningar og rýmisáætlunar í desember 2014. Skýrslan var síðan kynnt aðildarfélögum BHM þann 8. desember 2014.

5 Kostnaður verksins

Kostnaður vegna umsjónar hjá FSR nam 1.098.250 kr. og ráðgjafarkostnaður nam 63.250 kr., samtals 1.161.500 kr.

6 Niðurstaða verkefnis

Niðurstaða FSR var að BHM þyrfti annaðhvort að lækka rýmisþörf sína með aukinni notkun teymisrýma eða leigja fleiri fermetra innan húsnæðisins til að rúma starfsemi sína í því.

7 Ákvörðun verkkaupa

Verkefni lokið, á ekki við.

8 Verklok

Aðkomu FSR að verkefninu lauk með áðurnefndri útgáfu þarfagreiningar og rýmisáætlunar og kynningu á henni 8. desember 2014.

9 Staðfesting skilablaðs

Undirrituð staðfesta hér með framanritað skilablað fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Guðrún Ingvarsdóttir, forstjóri



Örn Baldursson, verkefnastjóri